



Reykjavíkurborg  
mannréttindaskrifstofa

SKJALAVER HÖFÐATORGI	
7. 8. FEB. 2019	
Málsnr.:	VEL2019020037
Bréfalykill:	0.6

Reykjavík, 26. febrúar 2019  
R19020225  
13721

Velferðarsvið

Borgartún 10 - 12  
105 REYKJAVÍK

**Tillaga um að vegna skaðaminnkunar- og öryggissjónarmiða verði hætt notkun blárra ljósa á salernum Reykjavíkurborgar**

Á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 14. febrúar var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að mannréttinda- og lýðræðisráð samþykki að hætta nú þegar notkun blárra ljósa á salernum í húsnæði Reykjavíkurborgar og að leita samkomulags við leigjendur húsnæðis í eigu borgarinnar um hið sama. Hér er um skaðaminnkunar- og öryggissjónarmið að ræða. Blá lýsing á að vinna gegn því að fólk sprauti sig með vímuefnum í æð en sú aðferð hefur takmarkað gildi. Lýsing virðist ekki koma í veg fyrir sprautunotkun á salernunum heldur auka hættu á skaða við athöfnina.

Óskað er eftir að blá ljós verði fjarlægð af salernum Reykjavíkurborgar og notkun þeirra hætt. Einnig er óskað eftir að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sé upplýst um hvenær þeirri framkvæmd lýkur.

Virðingarfyllst  
  
Elísabet Pétursdóttir